*Kópavogur, 11. febrúar 2019*

# Fundargerð Aðalfundar 2019

## Aðalfundur Hamraborgarráðsins – Hamraborgar 14-38

**Fundarstaður:** Cafe Catalina, Hamraborg 11 Kópavogi.

**Fundartími:** 11. febrúar 2019 kl.18:00.

**Mættir voru:** 24 fulltrúar mættir. 3 umboð.

umboð. Fundarmenn skrifuðu nafn sitt á mætingarlista.

1. **Fundur settur. Fundarstjóri og fundarritari kynntir og bornir upp til samþykktar.**

Oddur Ragnar *Eignarekstri* setti fundinn kl.18:00 og leggur til að hann verði fundarstjóri og fundaritari og það samþykkt einróma.

Fundarstjóri kannaði hvort einhverjar athugasemdir væru á boðun fundarins, fundarboðið var borið út í allar íbúðir. Engar athugasemdir bárust vegna boðunar fundarins og lýsti fundarstjóri hann lögmætan þar sem löglega var boðað til hans.

2. **Skýrsla stjórnar.**
   Ólafur Haraldsson fór yfir skýrslu stjórnar. Margvísleg verkefni á borði stjórnar Hamraborgarráðsins. Umræður um skýrslu stjórnar og almenn ánægja með störf stjórnar.
3. **Ársreikningur fyrir árið 2016,2017 og 2018 lagður fyrir, umræður og samþykktir**
   Gunnlaugur Sigmarsson fór yfir ársreikninga 2016 og 2017 og þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum. Mikilvægt að staðfesta ársreikninga fyrri ára áður en Gunnlaugur gat farið yfir árið 2018 fjárhagslega. Ársreikningur ársins 2018 kynntur af Gunnlaugi og hann staðfestur með öllum greiddum atkvæðum. Ársreikningur 2018 samþykktur einróma án athugasemda.
4. **Rekstraráætlun fyrir árið 2019 lögð fyrir, ákvörðun húsgjalda samþykkt**
   Fundastjóri lagði fram tillögur að rekstraráætlun 2019. Lagt til að hækka ársfjórðungsleg gjöld úr 8.000 upp í 10.000. Tillagan samþykkt með 14 atkvæðum gegn 2.
5. **Kosning formanns og annarra stjórnarmanna.**
   Formaður: Ólafur Haraldsson
   Gjaldkeri: Einar Stefánsson
   Skoðunarmaður reikninga kjörinn Örn G. Ellingsen og Sigríður R. Skúladóttir til vara.
   Varamenn kjörnir: Þorvarður F. Ólafsson og Sigríður R. Skúladóttir
6. **Fulltrúi frá Eignarekstri kynna húsfélagsþjónustu Eignareksturs.**
   Oddur Ragnar kynnti starfsemi Eignareksturs. Tilboð í þjónustu sem kostar 150 krónur á hvert stæði.
7. **Tillaga um að Hamraborgarráðið geri samning við Eignarekstur borin upp**
   Þjónustusamningur samþykktur með 24 atkvæðum gegn 0.

Eignarekstur.is
Fagleg og persónuleg húsfélagaþjónusta

8. **Önnur mál.**
Merkingar // bannað að reykja. Stjórn veitt heimild til að fara í merkingar.

Ruslagámar og umgengni um þá gagnrýnd. Stjórn Hamraborgarráðsins tekur þá umræðu með Kópavogsbæ sem hafa allt um þessa gáma að segja.

Húsvörður sem samnýttist með öllum stigagöngum. Stjórn Hamraborgarráðsins veitt umboð til að auglýsa til umsóknar og ráða frambærilegan einstakling í 50-100% starf.

Umræður um sér merkt bílastæði í húsinu. Bílastæðin eru almenningsstæði á milli 7-19. Bílastæðakort verða send út samhliða næstu innheimtu húsgjalda.

9. **Upprifjun fundar og samþykki**

10. **Fundi slitið 21:00**

Eignarekstur ehf. eignarekstur@eignarekstur.is kt. 471215-1470
Laugavegur 178. 2 hæð, 105 Reykjavík. Sími: 566-5005

Eignarekstur.is
Fagleg og persónuleg húsfélagaþjónusta

# Umboð

Ég undirrituð/aður veiti hér með

Þorvarður F. Ólafsson.
~~Finnur Þór Friðriksson 070651-3799.~~ 110772-4169

*Nafn umboðsmanns og kennitala*

fullt og ótakmarkað umboð til að mæta á eftirfarandi húsfélagsfund og fara þar með atkvæði fyrir mína hönd. Umboð þetta nær til hvers kyns þátttöku í fundarstörfum sem mega kunna að koma upp t.a.m. þátttaka í umræðum, greiða atkvæði og leggja fram bókanir og mótmæli ef því er að skipta sem og gæta hagsmuna minna og eignar minnar gagnvart félaginu, sameigendum mínum og öðrum sem að málum kunna að koma

Finnur Þór Friðriksson 070651-3799.

*Nafn eiganda og kennitala*

8A

*Íbúðanúmer*

finn007@simnet.is

*Netfang*

Umboð skal vera dagsett og undirritað. Umboð þetta er samkvæmt 3. mgr. 58. gr. fjöleignahúsalaga nr. 26/1994 og almennum reglum um umboð

Kóp 7. feb. 2019.

*Staður og dagsetning*

Vottar að umboði þessu, réttri dagsetningu og undirskrift:

[signature] 110157-5769

*Vottur og kennitala*

Óðinn Ragnar 050774-5899.

*Vottur og kennitala*

# UMBOÐ

Undirritaður eigandi íbúðar nr. 0402 í Hamraborg 38, Kópavogi, veitir Guðm. Ó. Guðmundssyni kt. 130434-3209 umboð til þess að fara með atkvæði á Aðalfundi Hamraborgarráðsins 2019, sem boðaður er mánudaginn 11. febrúar 2019 kl. 18 í Cafe Catalina Hamraborg 11, Kóp.

10. febrúar 2019.

Hákon Ingi Tryggvason

Hákon Ingi Tryggvason 080579-4709

Vottar: Óskar Magnússon

090585-2159

# UMBOÐ

Undirritaður eigandi íbúðar nr. 0203 í Hamraborg 38, Kópavogi, veitir Guðm. Ó. Guðmundssyni kt. 130434-3209 umboð til þess að fara með atkvæði á Aðalfundi Hamraborgarráðsins 2019, sem boðaður er mánudaginn 11. febrúar 2019 kl. 18 í Cafe Catalina Hamraborg 11, Kóp.

10. febrúar 2019.

Óttar Magnússon

Óttar Sævar Magnússon 250637-3309

Vottar: Hákon Ingi Tryggvason 030784-2709

[illegible] 090585-2159

| Fastnúmer | Merking | **Íbúð.nr** | X Mæting X | Undirskrift |
|---|---|---|---|---|
| **Hamraborg 14A** | | | | |
| 206-1404 | 16 0101 | | | |
| 206-1405 | 16 0102 | | | |
| 206-1406 | 16 0103 | | | |
| 206-1407 | 16 0104 | | | |
| 206-1408 | 16 0105 | | | |
| 206-1409 | 16 0106 | | | |
| 206-1410 | 16 0201 | | | |
| 231-5702 | 16 0202 | | | |
| 231-5703 | 16 0203 | | | |
| 231-5704 | 16 0204 | | | |

| Fastnúmer | Merking | **Íbúð.nr** | X Mæting X | Undirskrift |
|---|---|---|---|---|
| **Hamraborg 38** | | | | |
| 206-1190 | 01 0101 | **1D** | | |
| 206-1191 | 01 0102 | **1C** | | |
| 206-1192 | 01 0103 | **1B** | | [illegible] |
| 206-1193 | 01 0201 | **2D** | | |
| 206-1194 | 01 0202 | **2C** | | |
| 206-1195 | 01 0203 | **2B** | | |
| 206-1196 | 01 0204 | **2A** | | |
| 206-1197 | 01 0301 | **3D** | | |
| 206-1198 | 01 0302 | **3C** | | |
| 206-1199 | 01 0303 | **3B** | | |
| 206-1200 | 01 0304 | **3A** | | |
| 206-1201 | 01 0401 | **4D** | | |
| 206-1202 | 01 0402 | **4C** | | |
| 206-1203 | 01 0403 | **4B** | | |
| 206-1204 | 01 0404 | **4A** | | |

| Fastnúmer | Merking | **Íbúð.nr** | X Mæting X | Undirskrift |
|---|---|---|---|---|
| **Hamraborg 36** | | | | |
| 206-1390 | 13 0101 | **1C** | | |
| 206-1391 | 13 0102 | **1A** | | |
| 206-1392 | 13 0103 | **1B** | | |
| 206-1393 | 13 0104 | **1D** | | |
| 206-1394 | 13 0201 | **2D** | | |
| 206-1395 | 13 0202 | **2C** | | |
| 206-1396 | 13 0203 | **2B** | | |
| 206-1397 | 13 0204 | **2A** | | |
| 206-1398 | 13 0301 | **3D** | | |
| 206-1399 | 13 0302 | **3C** | | [illegible] |
| 206-1400 | 13 0303 | **3B** | | |
| 206-1401 | 13 0304 | **3A** | | |

| Fastnúmer | Merking | **Íbúð.nr** | X Mæting X | Undirskrift |
|---|---|---|---|---|
| **Hamraborg 34** | | | | |
| 206-1378 | 12 0101 | **1C** | | |
| 206-1379 | 12 0102 | **1B** | X | [illegible] |
| 206-1380 | 12 0103 | **1A** | | |
| 206-1381 | 12 0201 | **2C** | | |
| 206-1382 | 12 0202 | **2B** | | |
| 206-1383 | 12 0203 | **2A** | | |
| 206-1384 | 12 0301 | **3C** | | |
| 206-1385 | 12 0302 | **3B** | | |
| 206-1386 | 12 0303 | **3A** | | |
| 206-1387 | 12 0401 | **4C** | | |
| 206-1388 | 12 0402 | **4B** | | |
| 206-1389 | 12 0403 | **4A** | | |

| Fastnúmer | Merking | **Íbúð.nr** | X Mæting X | Undirskrift |
|---|---|---|---|---|
| **Hamraborg 32** | | | | |
| 206-1348 | 11 0101 | **1B** | | |
| 206-1349 | 11 0102 | **1C** | | |
| 206-1350 | 11 0201 | **2A** | | |
| 206-1351 | 11 0202 | **2B** | | |
| 206-1352 | 11 0203 | **2C** | | |
| 206-1353 | 11 0204 | **2D** | | |
| 206-1354 | 11 0301 | **3A** | | |
| 206-1355 | 11 0302 | **3B** | | |
| 206-1356 | 11 0303 | **3C** | X | [illegible] |
| 206-1357 | 11 0304 | **3D** | | |
| 206-1358 | 11 0401 | **4A** | | |
| 206-1359 | 11 0402 | **4B** | | |
| 206-1360 | 11 0403 | **4C** | | |
| 206-1361 | 11 0404 | **4D** | [illegible] | |
| 206-1362 | 11 0501 | **5A** | | |
| 206-1363 | 11 0502 | **5B** | | |
| 206-1364 | 11 0503 | **5C** | | |
| 206-1365 | 11 0504 | **5D** | | Óðinn Jónsson |
| 206-1366 | 11 0601 | **6A** | | |
| 206-1367 | 11 0602 | **6B** | | |
| 206-1368 | 11 0603 | **6C** | | |
| 206-1369 | 11 0604 | **6D** | JP KHG | Jan og Kristján |
| 206-1370 | 11 0701 | **7A** | | |
| 206-1371 | 11 0702 | **7B** | | |
| 206-1372 | 11 0703 | **7C** | | |
| 206-1373 | 11 0704 | **7D** | | |
| 206-1374 | 11 0801 | **8A** | X | Sigríður Rut Skúladóttir |
| 206-1375 | 11 0802 | **8B** | | |
| 206-1376 | 11 0803 | **8C** | | |
| 206-1377 | 11 0804 | **8D** | | |

| Fastnúmer | Merking | **Íbúð.nr** | X Mæting X | Undirskrift |
|---|---|---|---|---|
| **Hamraborg 30** | | | | |
| 206-1337 | 10 0101 | **1A** | | |
| 206-1338 | 10 0102 | **1B** | | |
| 206-1339 | 10 0103 | **1C** | | |
| 206-1340 | 10 0201 | **2A** | | |
| 206-1341 | 10 0202 | **2B** | X | Björn Gíslason |
| 206-1342 | 10 0203 | **2C** | | |
| 206-1343 | 10 0204 | **2D** | | |
| 206-1344 | 10 0301 | **3A** | | |
| 206-1345 | 10 0302 | **3B** | | |
| 206-1346 | 10 0303 | **3C** | | |
| 206-1347 | 10 0304 | **3D** | | |

| Fastnúmer | Merking | **Íbúð.nr** | X Mæting X | Undirskrift |
| --- | --- | --- | --- | --- |
| **Hamraborg 28** | | | | |
| 206-1328 | 09 0101 | **101** | | |
| 206-1329 | 09 0102 | **102** | | |
| 206-1330 | 09 0103 | **103** | | |
| 206-1331 | 09 0201 | **201** | | |
| 206-1332 | 09 0202 | **202** | | |
| 206-1333 | 09 0203 | **203** | | |
| 206-1334 | 09 0301 | **301** | | |
| 206-1335 | 09 0302 | **302** | | |
| 206-1336 | 09 0303 | **303** | | |

| Fastnúmer | Merking | **Íbúð.nr** | X Mæting X | Undirskrift |
|---|---|---|---|---|
| **Hamraborg 20** | | | | |
| 206-1272 | 05 0101 | **1A** | | |
| 206-1273 | 05 0102 | **1C** | | |
| 206-1274 | 05 0201 | **2A** | | |
| 206-1275 | 05 0202 | **2B** | | |
| 206-1276 | 05 0203 | **2C** | | |
| 206-1277 | 05 0301 | **3A** | | |
| 206-1278 | 05 0302 | **3B** | | |
| 206-1279 | 05 0303 | **3C** | | |

| Fastnúmer | Merking | Íbúð.nr | X Mæting X | Undirskrift |
|---|---|---|---|---|
| **Hamraborg 26** | | | | |
| 206-1296 | 08 0101 | **1C** | | |
| 206-1297 | 08 0102 | **1D** | | Þorvarður F. Ólafsson |
| 206-1298 | 08 0103 | **1A** | | |
| 206-1299 | 08 0104 | **1B** | | |
| 206-1300 | 08 0201 | **2C** | | |
| 206-1301 | 08 0202 | **2D** | | |
| 206-1302 | 08 0203 | **2A** | | |
| 206-1303 | 08 0204 | **2B** | | |
| 206-1304 | 08 0301 | **3C** | | |
| 206-1305 | 08 0302 | **3D** | | |
| 206-1306 | 08 0303 | **3A** | | |
| 206-1307 | 08 0304 | **3B** | | |
| 206-1308 | 08 0401 | **4C** | | |
| 206-1309 | 08 0402 | **4D** | | |
| 206-1310 | 08 0403 | **4A** | | |
| 206-1311 | 08 0404 | **4B** | | |
| 206-1312 | 08 0501 | **5C** | | |
| 206-1313 | 08 0502 | **5D** | | |
| 206-1314 | 08 0503 | **5A** | | |
| 206-1315 | 08 0504 | **5B** | | |
| 206-1316 | 08 0601 | **6C** | | |
| 206-1317 | 08 0602 | **6D** | | |
| 206-1318 | 08 0603 | **6A** | | |
| 206-1319 | 08 0604 | **6B** | | |
| 206-1320 | 08 0701 | **7C** | | |
| 206-1321 | 08 0702 | **7D** | | |
| 206-1322 | 08 0703 | **7A** | | |
| 206-1323 | 08 0704 | **7B** | | Valgarður Hermannsd. |
| 206-1324 | 08 0801 | **8C** | | |
| 206-1325 | 08 0802 | **8D** | | |
| 206-1326 | 08 0803 | **8A** | | |
| 206-1327 | 08 0804 | **8B** | | |

| Fastnúmer | Merking | **Íbúð.nr** | X Mæting X | Undirskrift |
|---|---|---|---|---|
| **Hamraborg 24** | | | | |
| 206-1288 | 07 0101 | **1B** | | |
| 206-1289 | 07 0102 | **1C** | | |
| 206-1290 | 07 0201 | **2A** | | |
| 206-1291 | 07 0202 | **2B** | | |
| 206-1292 | 07 0203 | **2C** | | |
| 206-1293 | 07 0301 | **3A** | | |
| 206-1294 | 07 0302 | **3B** | | |
| 206-1295 | 07 0303 | **3C** | | |

| Fastnúmer | Merking | **Íbúð.nr** | X Mæting X | Undirskrift |
|---|---|---|---|---|
| **Hamraborg 22** | | | | |
| 206-1280 | 06 0101 | **101** | | |
| 206-1281 | 06 0102 | **102** | | |
| 206-1282 | 06 0201 | **201** | | |
| 206-1283 | 06 0202 | **202** | | |
| 206-1284 | 06 0203 | **203** | | |
| 206-1285 | 06 0301 | **301** | | |
| 206-1286 | 06 0302 | **302** | | |
| 206-1287 | 06 0303 | **303** | X | Bára Ellingsen |

| Fastnúmer | Merking | **Íbúð.nr** | X Mæting X | Undirskrift |
|---|---|---|---|---|
| **Hamraborg 20A** | | | | |
| 206-1412 | 18 0101 | | | |
| 223-3481 | 18 0102 | | | |
| 223-3482 | 18 0103 | | | |
| 223-3483 | 18 0104 | | | |
| 223-3484 | 18 0105 | | | Stefán R [signature] |
| 206-1413 | 18 0201 | | | |
| 223-3485 | 18 0202 | | | |
| 223-3486 | 18 0203 | | | |
| 223-3487 | 18 0204 | | | |

| Fastnúmer | Merking | **Íbúð.nr** | X Mæting X | Undirskrift |
|---|---|---|---|---|
| **Hamraborg 18** | | | | |
| 206-1241 | 04 0101 | **1A** | | |
| 206-1242 | 04 0102 | **1B** | | |
| 206-1243 | 04 0103 | **1C** | | |
| 206-1244 | 04 0201 | **2D** | | Böðvar H. Harðarson |
| 206-1245 | 04 0202 | **2A** | | |
| 206-1246 | 04 0203 | **2B** | | |
| 206-1247 | 04 0204 | **2C** | | [illegible] |
| 206-1248 | 04 0301 | **3D** | | |
| 206-1249 | 04 0302 | **3A** | | |
| 206-1250 | 04 0303 | **3B** | | |
| 206-1251 | 04 0304 | **3C** | X | Oddný - Óli |
| 206-1252 | 04 0401 | **4D** | | |
| 206-1253 | 04 0402 | **4A** | | |
| 206-1254 | 04 0403 | **4B** | | |
| 206-1255 | 04 0404 | **4C** | | |
| 206-1256 | 04 0501 | **5D** | | |
| 206-1257 | 04 0502 | **5A** | X | Pálína Jónsd. |
| 206-1258 | 04 0503 | **5B** | | |
| 206-1259 | 04 0504 | **5C** | | |
| 206-1260 | 04 0601 | **6D** | | |
| 206-1261 | 04 0602 | **6A** | | |
| 206-1262 | 04 0603 | **6B** | | Þórhildur Bjarnad. |
| 206-1263 | 04 0604 | **6C** | | |
| 206-1264 | 04 0701 | **7D** | | |
| 206-1265 | 04 0702 | **7A** | X | Sólveig H. Jónsd. |
| 206-1266 | 04 0703 | **7B** | | |
| 206-1267 | 04 0704 | **7C** | | |
| 206-1268 | 04 0801 | **8D** | | |
| 206-1269 | 04 0802 | **8A** | | |
| 206-1270 | 04 0803 | **8B** | Sigurð G. | Sigurð Guðmd. |
| 206-1271 | 04 0804 | **8C** | | |

| Fastnúmer | Merking | **Íbúð.nr** | X Mæting X | Undirskrift |
|---|---|---|---|---|
| **Hamraborg 16** | | | | |
| 206-1226 | 03 0101 | **1B** | | |
| 206-1227 | 03 0102 | **1A** | X | Helga G. Halldórsdóttir |
| 206-1228 | 03 0103 | **1D** | | |
| 206-1229 | 03 0104 | **1E** | | |
| 206-1230 | 03 0201 | **2C** | | |
| 206-1231 | 03 0202 | **2B** | | |
| 206-1232 | 03 0203 | **2A** | | |
| 206-1233 | 03 0204 | **2D** | X | [illegible] |
| 206-1234 | 03 0205 | **2E** | | |
| 206-1235 | 03 0301 | **3C** | | |
| 206-1236 | 03 0302 | **3B** | | |
| 206-1237 | 03 0303 | **3A** | | |
| 206-1238 | 03 0401 | **4C** | | |
| 206-1239 | 03 0402 | **4B** | | |
| 206-1240 | 03 0403 | **4A** | | |

| Fastnúmer | Merking | **Íbúð.nr** | X Mæting X | Undirskrift |
|---|---|---|---|---|
| **Hamraborg 14** | | | | |
| 206-1205 | 02 0101 | **1A** | | |
| 206-1206 | 02 0102 | **1B** | | |
| 206-1207 | 02 0103 | **1C** | | |
| 206-1208 | 02 0104 | **1D** | | |
| 206-1209 | 02 0201 | **2A** | | Jónína Böðvarsd |
| 206-1210 | 02 0202 | **2B** | | [illegible] |
| 206-1211 | 02 0203 | **2C** | | |
| 206-1212 | 02 0204 | **2D** | | |
| 206-1213 | 02 0205 | **2E** | | Helga Harðar |
| 206-1214 | 02 0301 | **3A** | | |
| 206-1215 | 02 0302 | **3B** | | |
| 206-1216 | 02 0303 | **3C** | | |
| 206-1217 | 02 0304 | **3D** | | |
| 206-1218 | 02 0305 | **3E** | | |
| 206-1219 | 02 0401 | **4A** | | |
| 206-1220 | 02 0402 | **4B** | | |
| 206-1221 | 02 0403 | **4C** | | |
| 206-1222 | 02 0404 | **4D** | | |
| 206-1223 | 02 0405 | **4E** | | |
| 206-1224 | 02 0501 | **5A** | | |
| 206-1225 | 02 0502 | **5E** | | |

01

Þegar við í núverandi stjórn tókum við, var ástandið mun verra en okkur hafði órað fyrir. Allt of mikill tími fór í að fá botn í hin ýmsu mál tengdu Hamraborgarráðinu, bæði innan sem utanhúss. Þetta varð þess valdandi að við misstum tíman frá okkur á síðasta ári og héldum því ekki aðalfund þá, við viljum biðjast velvirðingar á því. Við vildum ekki mæta á fund algjörlega tómhendir með marga lausa enda og einnig vonuðumst við til þess að hafa einhverjar betri fréttir af samningum við Kópavogsbæ.

Fyrri stjórn

Fyrri stjórn Hamraborgarráðsins virðist hafa verið algjörlega vanhæf í því að að hafa samskipti við fyrirtæki sem og hafa unnið fyrir eða þjónustaðbílastæðahúsið, það hefur farið þvílíkur tími í að taka til eftir samskiptaörðuleika við alla í kringum og innan félagsins.
Einráður fékk að ráfa hér um allt of lengi.
Ágallar fundust á bókhaldi sem hafa verið leiðréttir, spurningamerki hafa verið sett upp um auka greiðslur til stjórnar um vinnu sem innt var af hendi meðanhúsvörður var í fríi, fullgreiddur bílastyrkur og aðrar auka launagreiðslur sem áttu sér stað, eitthvað sem erfitt er að leiðrétta eftirá. Skuldir sem hafa verið
eignfærðar er eitthvað sem þarf að reyna að útskýra þegar það hverfur út bókhaldi á næstu árum. Hvort sem það er fellt út eða samningar nást um greiðslu á
skuldunum.
Eitthvað var um reikninga sem allt í einu birtust upp úr þurru, voru hvergi sjáanlegir í bókhaldi og var þetta bæði samskiptaleysi og þvermóðska fyrri stjórnar sem varð þess valdandi, gríðarlegur tími fór í að leysa þau mál sem voru komin í lögfræðinga og farið á hvern stað fyrir sig og reynt að semja upp á nýtt, öll þau mál hafa verið kláruð og engar skuldir eru okkur aðvitandi við fyrirtæki út í bæ. Þar má nefna stærri reikninga frá Öryggismiðstöðinni, Mannvit, lögræðikostnað og fleiri.
Fyrri stjórn virðist hafa farið út fyrir valdsvið sitt, svo sem neita breytingum á viðgerðum/framkvæmdum í húsum í Hamraborginni, þar má nefna t.d. Að setja létt handrið á svalir í Hamraborg 36, neitaði uppsettningu á aðgangstýrðu hliði inn í Geislagarðinn sem Kópavogur ætlaði að setja upp og fleira. Hamraborgarráðið hefur nákvæmlega ekkert með slíkar ákvarðanir að gera.
Fyrri stjórn með sínum töktum lagði algjörlega á hliðina samskipti og samninga við Kópavogsbæ, sem er stór eigandi í bílastæðahúsinu, Það hefur gengið ákaflega erfiðlega að setjast að samningarborðinu þegar slík framkoma fór fram ár eftir ár.
Töluvert margir íbúar kvörtuðu sáran yfir framkomu fyrri stjórnar þegar leitast var til þeirra um hin ýmsu mál.

Samningur við Kópavogsbæ

Það er þá þessi blessaði samningur við Kópavogsbæ, þar sem skipting á kostnaði hefur verið 55/45% fram til ársins 2017. Kópavogsbær sagði einhliða upp þessum samning eftir samskiptaörðuleika við fyrri stjórn og enginn samningur er í gildi síðan þá.
Við höfum staðið á því að það sé ekki hægt að segja upp þessum samning einhliða og teljum að hann sé enn í gildi.
En á meðan ástandið er svona höfum við ýtrekað það við Kópavogsbæ að við séum meira en opnir fyrir því að endurskoða þennan samning og endursemja þangað til allir aðilar eru sáttir.
Það er margt við þennan samning sem mætti skoða, svo sem verðþakið, afhverju Kópavogsbær borgar bara sinn hluta í sumu en ekki öðru, að það sé verið að flækja bókhald fram og til baka og svo framvegis.
Enn og aftur ýtrekar Hamraborgarráðið við Kópavogsbæ að setjast til samninga, sem ekki hefur tekist ennþá eftir ýtrekaða fundi með starfsmönnum og bæjarstjóra.

Skuld Kópavogsbæjar

Kópavogsbær skuldar okkur ennþá svokallað verðþak samkvæmt samning, vegna endurnýjun/viðhaldi á sprinkler kerfi.
Sem stendur í tæpum 10 milljónum krónum plús vöxtum (Þó svo við vitum að Sveitarfélög, bæir og borgir borga aldrei slíkt)
Þetta er enn eitt dæmið sem fyrri stjórn kemur okkur í vandræði þegar kemur að samskiptum við meðeiganda.
Það er enn verið að reyna að semja um að fá þessa skuld til baka á einn eða annan hátt.

Geislagarður

Geislagarðurinn, sem er almenningsgarður í eigu Kópavogsbæjar liggur undir miklum skemmdum.
Það sem verra er að hann er að skemma bílastæðahúsið sem og sum húsin á neðri hæðum, þar á meðan Hamraborg 18.
Þar sem Kópavogsbær hefur að svo stöddu neitað að fjarlæga og endurnýja garðinn getum við mjög lítið gert í þéttingu á þakplötu bílakjallaranns.
Garðurinn verður að fara fyrst svo hægt sé að laga loftið og þar með alla lekana sem eru allan hringinn.
Það verður að skoða hvort það eigi ekki að fara í skaðabótamál við Kópavogsbæ þar sem þetta mun valda mun meiri skemmdum í framtíðinni ef ekkert verður að gert.
Samkvæmt bæjarstjóra er ekki að ræða það að þeir fari að leggja peninga í að koma hlutunum í lag í garðinum.

Skemmdir á þakplötu við 32

Verktakinn sem framkvæmdi í Hamraborg 32 nú í sumar notaðist við allt of þung vinnutæki inn í Geislagarðinum.
Það var marg reynt að stoppa hann en ávalt kom verktakinn aftur og aftur í garðinn með allt of þung tæki.
Ítrekað laug verktakinn að Hamraborgarráðinu að hann væri með leyfi til þess að nota tækin og á endanum kenndi hann húsfélaginu í Hamraborg 32 um skemmdirnar.
Þakplatan fyrir framan Hamraborg 32 er farin á hreyfingu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.
Búið er að fá álit á skemmdunum og verið er að bíða eftir frekari skýrslu um málið og í framhaldinu verður farið í tryggingarfélag verktakans, en þeir hafa neitað að mæta til þessa.
Það var marg búið að fara fram á það við Kópavogsbæ að setja upp þyngdartakmarkanir á hliðið sem liggur inn í garðinn, sem á sínum tíma var til staðar en heyrst hefur að sami verktaki hafi látið það hverfa þegar hann vann við annað hús hér í Hamraborginni.
Sama má segja með ruslabílinn fyrir pappírinn sem endurtekið kemur upp í garðinn þó svo allt of þungur sé.

Öryggismyndavélakerfi

Fyrri stjórn bað um það allra ódýrasta frekar en það sem hentaði best þegar öryggismyndavélakerfið var sett upp í bílastæðahúsinu.
~~Það~~ væri það sterkur leikur að fá góðan aðila til þess að koma og yfirfara kerfið.
Fá tilboð í endurnýjun á alflestum af þeim myndavélum sem eru til staðar, sem og bæta nokkrum vélum við í gönguleiðum við inn og útganga.
Það er lágmark að slíkt öryggismyndavélakerfi geti þekkt andlit og bílnúmer. Sparnaðurinn sem fekkst með svona lélegu kerfi var sáralítill enda mest af kostnaðnaðinum var uppsettning á kerfinu.
Við í stjórninni settum upp eina vél til prufu eftir að bilun kom í ljós á þeim stað. Sú vél er töluvert betri og við sjáum gríðarlegan mun og getum auðveldlega lesið bílnúmer.

lýsing og rafmagnskostnaður

Það væri mjög skynsamlegt að leita tilboða í að endurnýja lýsinguna í bílastæðahúsinu yfir í LED.
Bæði eru lampar komnir á tíma sem og LED er komið á þann stað í dag að það hentar vel í notkun sem þessari.
Með þessu væri hægt að lækka rafmagnsreikningi um 50% að lágmarki af því sem hann er í dag og spara þar með til lengri tíma.
Rafmagnskostnaður í dag stendur í rúmlega 2 milljónum krónum fyrir árið 2018. Og er nokkur rekstrarkostnaður á viðhaldi á lýsingunni einnig sökum aldurs.
Þetta væri eflaust ekki skynsamlegt að gera fyrr en að málað væri sem aftur verður erfitt að gera fyrr en Geislagarðurinn verður lagfærður.

Húsvörður

Þar sem Gunnlaugur hefur hætt hjá okkur með miklum söknuði, Takk GULLI.
Þá langar okkur til þess að ræða möguleikan á því hvort það væri ekki skynsamlegt að ráða annan húsvörð, en með aðeins öðrum formerkjum.
Ráða húsvörð Hamraborgarinnar, þá væri hann með sömu störf og hefur verið en að auki að sinna stigagöngum hvers húss fyrir sig, það gæti t.d. Verið umsjá á ruslageymslum, tilfærsla og þrif sem flest stigahúsin eru að borga þriðja aðila þjónustu gjöld til í dag.
Þarna gætu allir í Hamraborginni haft aðila til þess að hafa samband við um allt það sem viðkemur bæði bílastæðahúsinu sem og stigagöngunum.

Eg legg til að við kjósum um þetta þegar við förum í lið 7. önnur mál

Tækjakaup / Geymsla

Við höfum skoðað tölvuvert kaup á sóp til hreinsistarfa í bílastæðahúsinu, húsfélagaþjónustan sem sér um þrifin núna er með 1 slíkan og hefur reynst vel að halda sandi og ryki í lágmarki í bílastæðahúsinu.
Hvort sem það væri göngusópur eins og er notað í dag eða stærra tæki sem væri hægt að keyra um á.
Einnig höfum við verið að skoða hvort það væri hægt að láta útbúa vagn á hjólum sem væri með háþrýstidælu fyrir blautþrif, bæði til þess að ná því sem ekki næst með sóp og létta undir að halda olíublettum í lágmarki.
Til þess að geta geymt slík tæki þá væri kjörið að setja upp rimla svo tækin gætu staðið úti og fengið að vera í friði á meðan, það eru einnig fleiri hlutir svo sem stigar og fleira sem myndi henta mun betur að geyma úti við í slíku læstu rými.

Benda á mynd

Banna Reykingar

Reykingabann í bílastæðahúsinu, það er eiginlega merkilegt að ekki sé búið að gera þetta nú þegar, það er töluvert algengt að fólk sé að koma hérna og hanga í bílastæðahúsinu til þess að reykja.
Setja upp merkingar um að slíkt sé bannað og það er spurning hvort ekki væri hægt að samnýta þær merkingar í annað t.d. Á hvaða tímum almenningur má leggja og hvenær stæðin eru einkastæði íbúa.
Að ekki megi nota bílastæðahúsið sem verkstæði sem er gríðarlega algengt sem og annað sem gæti hentað.
Ég legg til að við kjósum um þetta þegar við förum í lið 7. Önnur mál.

# Bílastæðakort

Ný bílastæðakort verða senda út með næstu kröfu. Þar með send á eigendur en ekki beint í póstkassa, þar sem nokkuð var um að verið væri að stela kortum beint úr póstkössum.
Mikið er um að það vanti bílastæðakort í bíla hjá þeim sem búa í Hamraborginni og við biðjum ykkur vinsamlegast að bæta úr því.
Margir hverjir bregðast gríðarlega illa við, alveg frá þeim sem búa hérna eða eru jafnvel að geyma bíla hérna yfir veturinn þó þeir búi upp í Árbæ.
Við höfum fengið hótanir um líkamsmeiðingar og fleira við að reyna að koma ómerktum bílum út úr bílastæðahúsinu.
Það er spurning hvað við eigum að leggja limi okkar í mikla hættu fyrir bílastæðin.
Einnig höfum við verið í vandræðum að fá dráttarfyrirtækin til þess að mæta þar sem þeir hafa ekki pláss hjá sér. En það er vonandi að rætast úr því nú fljótlega.

# Bílastæði Fyrir Rafbíla

Rafmagns og tengitvinnbílar eru eitthvað sem koma skal og er því ekki rétt að byrja að bregðast við því.
Nokkrir möguleikar eru til staðar, það væri t.d. hægt að selja rafmagnið til þess að borga upp startkostnaðinn, Hvort sem að verðið er hærra fyrir þá sem koma og leggja hérna yfir daginn heldur en fyrir þá sem eiga heima í Hamraborginni.
Setja mæli á heimtaugina sem veitir slíku kerfi frekari möguleika á að hlaða fleiri bíla þegar minna álag er á taug.
Við höfum farið af stað í að leita tilboða í slíkt kerfi og sjá hvaða möguleika við höfum, þá sérstaklega að hafa í huga að byrja smátt og geta svo stækkað kerfið þegar þess þarf.

Sameining Hamraborgar

Töluvert margir hafa bent á það, bæði með og á móti að Hamraborgin eigi að vera 1 húsfélag eða hvert og eitt hús eigi að standa sér.
Ætti ekki að fá úr því skorið hvernig þetta ætti að vera?
Afhverju er sér húsfélag fyrir bílastæðahúsið sem tekur ekki einu sinni mið af stærðartölum þegar litið er til framkvæmda, afhverju á risastór verslunareign að borga það sama og lítil íbúð þegar kemur að viðhaldi?
Gæti stærðin ekki verið öflug þegar leitast er eftir tilboðum í verk utanhúss, væri ekki hægt að vera aðeins meira samstíga þegar kemur að útliti húsanna?
Gera samskipti milli stigagangana betri eða bara almennt að það séu samskipti yfir höfuð.

Ég legg til að við kjósum um þetta þegar við förum í lið 7. Önnur mál.

# Húsfélaga þjónusta

Við höfum mikið velt fyrir okkur hvar við getum fengið sem besta aðstoð við bílakjallarann, þegar kemur að utanumhaldi og leita álits á málum sem upp koma.

Þar vegur gríðarlega sterkt að geta leitað aðstoðar við stórum málin, þar má nefna allt sem viðkemur okkar stærsta eiganda, Kópavogsbæ.

Það var leitað tilboða hjá nokkrum aðilum og varð Eignarekstur ofaná, bæði buðu þeir betur en aðrið sem og komin er reynsla frá þeim í einhverjum stigagöngum hér í Hamraborginni.

Verðið sem við fengum frá Eignarekstri er 150kr á bílastæði per mánuð. Svo veita þeir aðra þjónustu svo sem lögfræðiaðstoð sem greitt er fyrir eftir taxta og þekkja þeir vel til þegar kemur að stórum sem smáum málum tengdum húsfélögum.

Okkur veitir ekki að því að fá okkur góða lögfræðiaðstoð þegar kemur að samningum við Kópavogsbæ.

Framtíðin

Við í stjórninni erum orðnir vel þreyttir á að berja höfuðið stanslaust í vegginn að reyna að hreyfa við okkar stærsta eiganda hér í bílakjallaranum, það tók verulega langan tíma að fá eyru til þess að hlusta á okkar mál, þar sem fyrri stjórn lagði samskipti við Kópavogsbæ algjörlega í rúst og eru í raun enn löskuð.
Það eru þó allavegana í gangi samskipti sem er verulegur árangur, þó svo að við séum í raun alveg á því að gefast upp þá erum við tilbúnir að halda áfram að berjast fyrir hagsmunum eigenda Hamraborgarinnar. En ekki að óbreyttu. Vinna hefur farið langt umfram það sem teldist eðlilegt með núverandi laun og við teljum að þau þurfi að hækka umtalsvert.
Það er okkar eini draumur og ósk að gera Hamraborgina eins og hún leggur sig að betri stað, Það getur bara gerst við að leggja áframhaldandi vinnu í það sem nú þegar er búið að gera. Ef ekki þá mun Hamraborgin, hvort sem það er bílakjallarinn, húsin sjálf og allt svæðið í kring drappast niður og verða ákaflega óspennandi staður til þess að búa á. Eigum við ekki að reyna allt sem við getum í sameiningu að láta það ekki gerast.

Takk fyrir

## Tillaga.

Aðalfundr Hamraborgarráðsins haldinn 11. febrúar 2019, felur stjórn þess að tilkynna bifreiðaeigendum, sem ekki njóta eignaréttar í húsinu, en nota stæðin á tímanum frá kl. 7 árd. til kl. 7 á kvöldin, eins og réttmætt var á meðan samningur var í gildi við Kópavogsbæ, að frá og með (dags. vantar) er þeim bannað að leggja bifreiðum sínum í kjallaranum nema í þeim hluta, sem bærinn rekur sérstaklega.

## Greinargerð.

Eins og Ársreikningurinn ber með sér, greiðir Kópavogsbær 18% af rekstri Bílakjallarans. Áður voru það 55% (þó ekki allir rekstrarliðir). Sú tala byggðist á því, að umferð á þeim tíma, sem fyrr greinir skoðist sem hluti af gatnakerfi bæjarins.
Eftir að Kópavogsbær sagði einhliða upp samningi, hvar hlutföllin 55/45 giltu, hefur eigendum verið fullkomlega ómögulegt að reka hann sómasamlega.
Ofangreindri tillögu er ætlað, að fá bifreiðaeigendur, sem notað hafa kjallarann eins og fyrrum var heimilt og alltaf var ætlunin, til þess að hjálpa okkur að þrýsta á bæjaryfirvöld um nýjan samning og við hann verði staðið.

Guðm. Ó. Guðmundsson,
Hamraborg 38.

# SAMNINGUR.

Undirritaðir, Sigurður Geirdal, bæjarstjóri Kópavogs, fyrir hönd bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar (hér eftir nefnd K) annars vegar, og Þórir Steingrímsson, formaður, fyrir hönd Hamraborgarráðsins (hér eftir nefnt H), kt. 640892-2189, sem er húsfélag Hamraborgar 14-38 (jöfn númer), hins vegar, gerum með okkur eftirfarandi samning:

**1. grein. UM VIÐGERÐIR Á BIFREIÐAGEYMSLU.**

1.1. K tekur að sér að lagfæra þak bifreiðageymslu Hamraborgar 14-38 m.a. til að stöðva vatnsleka frá Geislagarði niður í bifreiðageymsluna. Nánar tiltekið er hér um að ræða liði nr. 5,6,7,8 og 10 í hjálagðri kostnaðaráætlun deildarstjóra hönnunardeildar, dags. 25/9 1992.

1.2. K tekur að sér nauðsynlegar viðgerðir á bifreiðageymslu Hamraborgar 14-38 innanhúss, þ.e. liði nr. 1,2,3,4,9 og 11 í ofangreindri kostnaðaráætlun.

1.3. Gera þarf nákvæmari áætlun um viðgerðir, og mun Tæknideild Kópavogs sjá um það. Sá fyrirvari er gerður, að við nánari athugun koma e.t.v. í ljós fleiri þættir, sem nauðsynlegt er að gera við. Enn fremur er sá fyrirvari gerður, að endanleg kostnaðaráætlun, sem gerð verður, getur hækkað eða lækkað.

1.4. Kostnaði verði skipt þannig, að K beri 55 % af kostnaði við viðgerðir á bifreiðageymslu, en H beri 45 % af kostnaði.

**2. grein. FRAMKVÆMDIR, ÁBYRGÐ, FJÁRMÖGNUN, INNHEIMTA.**

2.1. Framkvæmdir, sem getið er um í 1. grein, verði á ábyrgð K, þ.e. K sér um hönnun, útboð, samninga og uppgjör við verktaka og eftirlit með framkvæmdum.

2.2. Að framkvæmdum verði staðið svo að þær valdi sem minnstri röskun fyrir eigendur.

2.3. Framkvæmdir hefjist í júní 1993 og verði lokið eigi síðar en 1. ágúst 1994. Samið verði um alla aðalverkþætti á árinu 1993.

2.4. Til fjármögnunar framkvæmda sér K um að útvega bankalán fyrir báða aðila með jöfnum greiðslum til fimm ára. Hvor aðili um sig ábyrgist greiðslu á sínu láni. H ábyrgist greiðslur fyrir hönd allra húseigenda Hamraborgar 14-38.

3. grein. **UM REKSTUR BIFREIÐAGEYMSLU.**

3.1. K veitir allt að kr. 1800 þúsund til kaupa á öryggiskerfi í bifreiðageymslu Hamraborgar 14-38. H annast kaupin í samráði við Tæknideild Kópavogs. H hefur umsjón með kerfinu, en viðhald og endurnýjun kerfisins fellur undir rekstur bifreiðastæðanna, sbr. 4. lið í grein 3.2.

3.2. Samkomulag er um, að í stað núgildandi reglna um "fyrirkomulag afnota af bifreiðastæðum í I. áfanga Miðbæjar Kópavogskaupstaðar og um greiðslu kostnaðar vegna reksturs bifreiðastæðanna", sbr. 1. grein samnings K við Borgir s.f., dags. 18. okt. 1973, og 4. grein samnings K við Miðbæjarframkvæmdir s.f. og Ingimar Haraldsson h.f., dags. 17. okt. 1973, komi eftirfarandi reglur:

**"Reglur um fyrirkomulag afnota af bifreiðastæðum í I. áfanga Miðbæjar Kópavogskaupstaðar og um greiðslu kostnaðar vegna reksturs bifreiðastæðanna:**

1.

Afnot af bifreiðastæðunum skulu vera samkvæmt skilmálum við úthlutun og byggingu húsanna og skulu stæði þau, sem tilheyra þessum húsum vera til sameiginlegra nota og almennra nota.

2.

Eigendur séreignarhluta annast eftirlit með bifreiðageymslunni með hjálp öryggiskerfis, sbr. grein 3.1. Með hliðsjón af þessu er K ekki skylt að hafa sérstakan eftirlitsmann í geymslunni, sbr. eldri reglur.

3.

K annast rekstur bifreiðastæðanna að öllu öðru leyti og ber á honum fjárhagslega ábyrgð.

4.

Til greiðslu rekstururskostnaðar bifreiðastæðanna skal H greiða bæjarsjóði Kópavogs árlegt gjald, sem skal miðað við að standa undir 45 % af rekstururskostnaði á fyrirfram áætluðum ársgrundvelli. Eigendur I. áfanga (aðrir en Bæjarsjóður Kópavogs, hvað varðar beina eignarhlutdeild í bifreiðastæðunum, þ.e. aðeins er greitt fyrir íbúðir í eigu K) greiða gjald þetta til H í réttu hlutfalli við umsamda eignarhlutdeild hvers aðila í bifreiðastæðunum, sbr. samning,dags. 6/6 1975, en H stendur bæjarsjóði skil á greiðslunni.
Hækki fasteignagjöld af bifreiðageymslu umfram hækkun byggingarvísitölu, kemur sú umframhækkun framvegis til lækkunar á árlegri greiðslu H til K. Umframhækkunin verði uppreiknuð árlega með byggingarvísitölu.
Gjalddagar skulu vera 1. maí og 1. des. ár hvert. Til

reksturskostnaðar telst m.a. viðhald, ræsting, ljós, hiti, lagfæring umferðarmerkja og götumálun, o.fl. þess háttar, en undanskilið skal vera afskriftir og vextir af stofnkostnaði. Til viðhalds telst einnig viðhald þaks og Geislagarðs (til þessa teljast m.a. þeir viðhaldsþættir, sem minnst er á í grein 1.1.). Verði kostnaður við rekstur bifreiðastæðanna eitt rekstursár lægri en áætlun gerði ráð fyrir, skal sá mismunur koma til lækkunar áætluðum reksturskostnaði næsta ár og gildir sama til hækkunar, ef kostnaður reynist hærri en áætlað var. Fyrir eftirtalda rekstrarþætti er sett þak á árlega greiðslu H til K: rafmagn, peruskipti, ræsting, viðhald niðurfalla, viðhald á sprinklerkerfi, málning og viðhald á öryggiskerfi. Þetta þak verði kr. 1.550.000 (ein milljón fimmhundruðogfimmtíuþúsund) og breytist miðað við byggingarvísitölu.

5.

Óheimilt er að taka gjald fyrir notkun bílastæða, nema sérstakt samkomulag verði gert þar um."

**4. grein. ÖNNUR ÁKVÆÐI.**

4.1. Árlega þurfa báðir aðilar að samþykkja áætlanir um viðhaldsframkvæmdir.

4.2. H ábyrgist framvegis sem einn lögaðili að annast öll samskipti eigenda Hamraborgar 14-38 við K vegna sameignar, þ.m.t. fjárhagslegar skuldbindingar.

4.3. Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum aðilum til handa, og undirrita þeir hann í votta viðurvist.

Kópavogi, 7. maí 1993

Með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar.

Sigurður Geirdal
bæjarstjóri

f.h. Hamraborgarráðs,

Þórir Steingrímsson
formaður
með fyrirvara um samþykki almenns fundar Hamraborgarráðsins.

Vottar:

Guðni Karlsson 021033-3329

Þórarinn Hjaltason 041047-3809